

Til: stjórnar Landverndar

Tillaga að ályktun fyrir aðalfund Landverndar, 19. apríl, 2023

Frá: Kristínu Völu Ragnarsdóttur

### **Ályktunartillaga:**

Landvernd telur að Ísland ætti að vera í farabroddi á þeirri mikilvægu vegferð að gera vistmorð refsivert til að vernda náttúruna fyrir komandi kynslóðir<sup>1</sup>.

Aðalfundur Landverndar ályktar að ríkisstjórnin leggi til við aðildarríki Alþjóðlega sakamáladómstólsins um að vistmorð verði viðurkennt í Rómarsamþykktinni sem 5. glæpurinn gegn friði. Einnig að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sambærilegar tillögur séu ræddar og afgreiddar innan Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs.

### **Greinargerð**

Í Rómarsamþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 1996, sem er stofnlagabálkur Alþjóðlega sakamáladómstólsins í den Hague (e. International Criminal Court), eru fjórir glæpir gegn friði: Þjóðarmorð, glæpir gegn mannkyni, stríðsglæpir og árásarglæpir (nýleg viðbót). Síðastliðin 15 ár hefur alþjóðaumræðan verið verið meira og meira um að bæta við 5. glæpnunum – vistmorði.

Í skýrslu sem unnin var m.a. fyrir sænska þingið 2021 unnu 12 alþjóðlegir lögfræðingar að skilgreiningu á vistmorði fyrir Rómarsáttmálann. Skilgreiningin er hér að neðan í lauslegri þýðingu - en finna má enska textann hér: <https://www.stopecocide.earth/legal-definition>

**Vistmorð** merkir ólögsmætar eða ósvífnar athafnir sem framdar eru með vitneskju um að verulegar líkur séu á því að alvarlegt og annað hvort víðtækt eða langvarandi tjón á umhverfinu verði af völdum þessara athafna.

**Ósvífið** merkir kærulaust tillitsleysi fyrir tjóni sem væri greinilega óhóflegt miðað við þann félagslega og efnahagslega ávinning sem gert er ráð fyrir.

**Alvarlegt** merkir tjón sem felur í sér mjög alvarlegar skaðlegar breytingar, röskun eða skaða á einhverjum þáttum umhverfisins, þ.m.t. alvarleg áhrif á mannlíf eða náttúrulegar, menningarlegar eða efnahagslegar auðlindir.

**Víðtækt** merkir tjón sem nær út fyrir afmarkað landsvæði, fer yfir landamæri eða hefur áhrif á heil vistkerfi, tegundir eða fjölda manna

**Langvarandi** merkir tjón sem er óafturkræft eða sem ekki er hægt að bæta með náttúrulegri endurheimt innan hæfilegs tíma.

**Umhverfi** merkir Jörðina, lífhvolf hennar, frosthvolf, steinhvolf, vatnshvolf og andrúmsloft sem og geiminn.

Umræða um að glæpavæða vistmorð hefur farið af stað á Íslandi. Árið 2014 kom Polly Higgins til Íslands og kynnti hugtakið fyrir almenningi á samræðufundi í Norræna húsinu. Í mars 2022 var sett fram þverpólitísk þingsályktunartillaga um lög gegn vistmorði. Finna má tillögunina hér: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0697.html> Síðan hafa verið haldin

---

<sup>1</sup> Þessari setningu var lítilega breytt á stjórnarfundi Landverndar 17. apríl 2023

málþing og skrifaðar greinar í dagblöð um vistmorð á Íslandi og nýlega var stofnaður opinn hópur á Fésbók undir heitinu *Stöðvum vistmorð*. Einnig má nefna að víða um heim eru lög gegn vistmorði komnin ofarlega á dagskrá stjórnvalda. Sjá má samtekt hér: <https://www.stopecocide.earth/leading-states>